

---

## Kvíslatunguvirkjun í Strandabyggð

### Álit um matsáætlun

---

#### 1 Inngangur

Þann 23. maí 2023 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Orkubús Vestfjarða vegna Kvíslatunguvirkjunar samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 3.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Strandabyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands um matsáætlun framkvæmdaraðila.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 2. júní 2023. Hún lá frammi til kynningar í skrifstofu Strandabyggðar á Hólmavík og var einnig aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar, [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is). Kynningartími matsáætlunar var frá 2. til 30. júní 2023.

#### 2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Kvíslatunguvirkjun, Strandabyggð. Matsáætlun – Mat á umhverfisáhrifum Orkubú Vestfjarða – Verkís, maí 2023.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Strandabyggð þann 26. júní 2023.
- Fiskistofu þann 13. júlí 2023.
- Hafrannsóknastofnun þann 26. júní 2023.
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða þann 7. júlí 2023.
- Landsneti þann 12. júní 2023.
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 29. júní 2023.
- Orkustofnun þann 5. júlí 2023.
- Umhverfisstofnun þann 28. júní 2023.
- Veðurstofu Íslands þann 29. júní 2023.

Umsögn barst ekki frá Minjastofnun Íslands.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 13. júlí 2023.

#### 3 Framkvæmd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Orkubús Vestfjarða um byggingu Kvíslatunguvirkjunar og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Kvíslatunguvirkjun felur í sér virkjun vatns sem nú fellur í Selá, að mestu um Þjóðbrókargil og í minna mæli um Svartagil, Afréttargil og Ófærugil. Með tveimur um 10 m háum alls um 800 m löngum stíflum verður myndað rúmlega 0,5 km<sup>2</sup> stórt inntakslón í lægð þar sem Efri-Kotvötn eru nú. Þá er



gert ráð fyrir að myndað verði rúmlega 2 km<sup>2</sup> stórt miðlunarlón, svokallað Svartagilslón, með einni tæplega 20 m hárru um 900 m langri stíflu austan við útrennsli Svartagilsvatns, ásamt veitu norðvestan við lónið, kölluð Svartagilsveita. Einnig er reiknað með veitu norðvestan við Svartagilsvatn, svokallaðri Ófæruveitu, sem mun stækka vatnasvið miðlunarinnar um rúmlega 5 km<sup>2</sup>. Megin kvíslinni sem rennur í Þjóðbrókargil og afrennslinu frá Svartagilslóni verður veitt um 1.000 m langa leið um veituskurð í inntakslónið. Gert er ráð fyrir að leggja allt að 3000 m langa niðurgrafna þrýstipípu frá inntaki í stíflu lónsins að um 200 m<sup>2</sup> stöðvarhúsi í Selárdal. Efnisþörf vegna stíflumannvirkja er um 360.000 m<sup>3</sup> og stendur til að endurnýta efni sem kemur úr uppgreftri vegna annarra framkvæmda innan framkvæmdasvæðis m.a. fyrirhugaðra lónstæða og veituskurða. Leggja þarf um 6 km langan uppbyggðan veg upp hlíðina frá stöðvarhúsi að inntaki, stíflustæðum og veituskurði í Efri-Kotvötn. Frá inntakinu verður lagður um 3.5 km langur vegur að eystri Kotvatnastíflu og að Svartagilsstíflu yfir veituskurðinn auk þess sem byggja þarf upp slóðann inn Selárdal á um 4 km kafla. Kvíslatunguvirkjun verður tengd við flutningskerfi raforku með 10 km löngum, 33 kV jarðstreng að tengivirki Orkubús Vestfjarða við Stakkanes fyrir botni Steingrímsfjarðar. Áætlað er að uppsett afl virkjunarinnar verði allt að 9,9 MW sem miðast við 2,9 m<sup>3</sup> /s virkjað rennsli og að orkuframleiðsla verði um 50-70 GWh/ári.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar framkvæmdaraðila.

## 4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

### Almennt um umfang og áherslur umhverfismats

Skipulagsstofnun bendir á að um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir sem samstanda af mörgum framkvæmdaþáttum á að mestu leyti ósnortnu svæði og þarf mat á umhverfisáhrifum að taka mið af því.

### Valkostir

Í matsáætlun Orkubús Vestfjarða er gerð stuttlega grein fyrir tveimur öðrum valkostum auk þess valkosts sem lýst er hér að framan. Annars vegar valkosti sem gerir ráð fyrir að orkuframleiðsla byggji eingöngu á rúmtaki inntakslóns í Efri-Kotvötnum og veitu úr ánni ofan Þjóðbrókargils. Engar aðrar miðlanir eða veitur verða á svæðinu, að öðru leyti en því að ánni, sem rennur um Þjóðbrókargil, verður veitt í inntakslónið. Hins vegar valkosti sem felur í sér að orkuframleiðsla byggist á því að auka vatnsrennsli til inntakslónsins með litlu miðlunarlóni í Svartagilsvatni með byggingu stíflu þar og ráðist rennsli í miðlunina af náttúrulegu aðrennsli en ekkert rennsli yrði til miðlunarlónsins úr norðri með Svartagils- og Ófæruveitum.



Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að nær engar vatnamælingar standi bak við fyrirhuguð áform og því sé mikil óvissa falin í mati framkvæmdaraðila á rennsli á fyrirhuguðu virkjunarsvæði og þar með á hagkvæmri stærð virkjunar. Orkustofnun hefur efasemdir um að nægjanleg gögn verði fyrirbyggjandi til þess að meta með raunhæfum hætti virkjanlegt vatn sem grundvöll m.a. undir hagkvæmstu nýtingu vatnsauðlindarinnar og valkostagreiningu á stærð og tilhögun virkjunar. Við valkostagreiningu ber að tilgreina uppsett afl og framleiðslu hvers kosts fyrir sig, m.a. svo umsagnaraðilar geti gert sér grein fyrir umfangi framkvæmda á móti því afli og framlegð sem hver kostur gefur af sér. Ítarlegri upplýsingar þurfa a.m.k. að liggja fyrir áður en sótt verður um virkjunarleyfi til Orkustofnunar, þ.m.t. rökstuðningur fyrir því að tilgreind stærð sé hagkvæmasta lausn. Vatnamælingar og valkostagreining byggð á þeim eru sérstaklega mikilvæg í þessu tilfalli þar sem tilgreind stærð virkjunar er 9,9 MW og því undanskilin umfjöllun í verndar- og orkunýtingaráætlun sbr. lög 48/2011. Bendi niðurstöður mælinga og valkostagreininga til að skynsamleg nýting sé umfram 10 MW eru áformin háð umfjöllun í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Í svörum Orkubús Vestfjarða kemur fram að vatnamælingar til eins árs með samburði við nálæga mæla og veðurgögn gefi nægjanlag góðar upplýsingar til að meta hagkvæmni virkjunarinnar og eðlilega stærð. Nánari gögn munu liggja fyrir við vinnslu umhverfismatskýrslu og þegar sótt verður um virkjunar- og framkvæmdaleyfi.

Umhverfisstofnun bendir á að skoða vel þá þrjá valkosti sem umhverfismatið á að byggja á og forðast skuli að raska landi, vatni og tjörnum og skulu þau sjónarmið hafa forgang þegar valkostagreiningunni er lokið fyrir virkjunina.

Skipulagsstofnun bendir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Í umhverfismatskýrslu þarf að gera ráð fyrir samburði ofangreindra valkosta og leggja mat á áhrif þeirra á umhverfisþætti og tilgreina uppsett afl og framleiðslu hvers kosts fyrir sig. Þá þarf að gera grein fyrir því hvernig sú tilhögun sem fyrirhuguð er, þ.m.t. afl virkjunar, hafi verið ákveðin. Gera þarf grein fyrir afli þeirra véla sem ráðgert er að setja upp, þ.e. uppsettu afli miðað við þá stærð virkjunar sem lögð er fram í umhverfismati, þ.e. tæplega 10 MW virkjun. Gera þarf grein fyrir því hvort 9,9 MW sé endanleg stærð virkjunar eða hvort mögulegt verði að auka orkuframleiðslu síðar og þá hvort það sé fyrirhugað.

Skipulagsstofnun minnir á að umfjöllun um núllkost felur í sér að gerð er grein fyrir líklegri þróun umhverfisins án þess að komi til framkvæmda.

### **Efnistaka og haugsetning**

Í matsáætlun kemur fram að mannvirki Kvíslatunguvirkjunar hafi ekki verið hönnuð, en sú vinna fari fram á frumhönnunar- og verkhönnunarstigi. Umfang efnis sem þarf til framkvæmdanna er því ekki fullljóst. Áætluð heildarefnisþörf er um 360.000 m<sup>3</sup> og efnismagn sem fellur til um 130.000 m<sup>3</sup> sem stefnt er að endurnota. Gert er ráð fyrir að efnistökusvæði verði líklega að mestu innan lónstæða.

Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir kalla á umfangsmikinn uppgröft og þarf í umhverfismatskýrslu að gera grein fyrir grunnástandi og meta umhverfisáhrif allra framkvæmdaþátta. Þá liggur fyrir að efnisþörf fyrir utan það efni sem kann að nýtist úr uppgreftri er umtalsverð og þarf í umhverfismatskýrslu að gera grein fyrir afmörkun efnistökusvæða, hámarks efnistöku á hverjum stað, um hvaða jarðmyndanir sé að ræða, hvernig frágangi verði hagað í verklok og umhverfisáhrifum efnistökkunnar, m.a. sjónræn áhrif hennar. Ef efnistaka er áformuð í árfarvegi þarf jafnframt að meta áhrif á vatnalíf. Að sama skapi þarf að gera grein fyrir mögulegri haugsetningu, s.s. staðsetningu, efnismagni og umhverfisáhrifum, ef haugsetja á uppgraftrarefni sem ekki nýtist við framkvæmdir.



## Vegagerð

Í matsáætlun er umfjöllun um áætlaða vegagerð sem er talsvert umfangsmikil en fram kemur að veghönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar mun fara fram á verkhönnunarstigi og við gerð frumhönnunar.

Í umhverfismatsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð, útskot og áætlaða umferð á framkvæmdatíma vegna efnisflutninga, sem og umferð um veginn að framkvæmdum loknum

## Landslag og ásynd

Í kafla 7.6 í matsáætlun eru upplýsingar um þau gögn sem fyrirhugað er að styðjast við við mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á landslag og ásynd sem og um aðferðarfræði. Meðal annars er fyrirhugað að leggja mat á verndargildi landslagsheilda og næmni þeirra fyrir áhrifum virkjunarinnar.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru höfð til hliðsjónar við ákvörðun um verndargildi og næmni. Í því sambandi bendir Skipulagsstofnun á að viðmið/mælikvarðar sem horft er til varðandi gildismat þurfa, að mati stofnunarinnar, að taka tillit til mikilvægis svæða sem eru óröskuð eða lítt röskuð. Varðandi mat á áhrifum á ásynd og sjónrænum áhrifum virkjunarinnar þarf að tryggja vandaða myndræna framsetningu og sýnileikagreiningu á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á ásynd og setja fram skýr rök fyrir vali sjónarhorna líkanmynda sem sýna og greina aðstæður á svæðinu fyrir framkvæmdir og að þeim loknum.

## Óbyggð víðerni

Í kafla 7.6 í matsáætlun kemur fram að hluti framkvæmdasvæðisins falli innan óbyggðra víðerna. Gerð er grein fyrir gögnum sem framkvæmdaraðili hyggst styðjast við við mat á áhrifum á óbyggð víðerni og gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemdir við þau gögn en telur eðlilegt að horfa jafnframt til þeirrar kortlagningar á óbyggðum víðernum sem unnin var á vegum ÓFEIGar<sup>1</sup> eins og framkvæmdaraðili hyggst gera, sbr. svör við umsögn Ófeigar náttúruverndar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar hefur verið bent á að fyrirhugað framkvæmdasvæði Kvíslatunguvirkjunar falli innan stærsta samfellda óbyggðra víðernis Vestfjarða og að meðal markmiða náttúruverndarlaga sé að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Þá er bent á að ástæða sé til að huga sérstaklega að áhrifum á óbyggð víðerni Vestfjarða og samlegðaráhrif allra virkjanna sem fyrirhugaðar eru á þessum sama svæði verði metin.

Í svörum Orkubús Vestfjarða kemur fram að fjallað hafi verið um Austurgilsvirkjun og Skúfnvatnavirkjun í rammaáætlun og áform eru um að reisa Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði á Ströndum. Öll þessi virkjunaráform eru staðsett á sama víðernissvæði og Kvíslatunguvirkjun. Því verða möguleg samlegðaráhrif þessara framkvæmda á óbyggð víðerni á hálendi innan Strandabyggðar, Árneshrepps og Kaldrananeshrepps. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og telur að í umhverfismatsskýrslu þurfi að fjalla um og leggja mat á samlegðaráhrif ofangreindra virkjana á þetta stærsta samfellda óbyggðra víðernissvæði Vestfjarða.

Ljóst er að víðernissvæði eru fágæt á Íslandi og alþjóðleg ábyrgð Íslands um að vernda þessi svæði er mikil. Af þessum sökum telur Skipulagsstofnun sérstaklega mikilvægt að vandað sé til verka við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á óbyggð víðerni og niðurstöður settar fram með skýrum hætti. Skipulagsstofnun bendir á að útreikningar á skerðingu óbyggðra víðerna er eingöngu einn þáttur í mati á áhrifum á víðerni. Ekki síður er mikilvægt að leggja mat á áhrif framkvæmda á víðernaupplifun, sbr. skilgreiningu á óbyggðum víðernum í 5. gr. laga um náttúruvernd. Í því felst

<sup>1</sup> Wildland Research Institute (2019). Hvalá Power Plant Proposal; Review of impacts on Wilderness. [Hvalá-Power-Plant-Proposal-Impacts-on-Wilderness.pdf \(rafhladan.is\)](#)



að greina einkenni og gæði víðerna á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og meta áhrif framkvæmda á þá þætti.

### **Vatnalíf**

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að litlar rannsóknir hafi verið gerðar á lífríki Selár en frjósemi árinna er lítill og þéttleiki laxfiskseiða lágur. Áin sem rennur um Þjóðbrókargil er fiskgeng tæpan km frá ármótum við Selá. Sumarið 2023 mun Náttúrustofa Vestfjarða gera rannsókn á vatnalífi í straum- og stöðuvötnum á áhrifasvæði Kvíslatunguvirkjunar. Í rannsókninni verður sýnum safnað í Selá, öðrum ám/lækjum og vötnum/tjörnum á vatnasviði virkjunarinnar. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um hvaða lífríki er að finna í ám og vötnum á áhrifasvæði virkjunarinnar og fjölbreytileika þess. Til að meta áhrif framkvæmdarinnar á vatnalíf verður m.a. horft til friðunar vatna samkvæmt lögum um náttúruvernd, verndargildi vatnavistgerða, stöðu fiskistofna og viðkvæmni búsvæða þeirra. Metin verða áhrif rennislisbreytinga á lífríki straumvatna, þar sem það á við.

Í umsögnum Hafrannsóknastofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) eru ekki gerðar athugasemdir við áformaðar rannsóknir á lífríki eða aðferðafræði þeirra en NÍ bendir á að ekki liggur alveg fyrir hver verður fjöldi sýnatökustaða fyrir vatnalífsathuganir og því erfitt að meta hvort áformaðar athuganir verði fullnægjandi.

Í svörum Orkubús Vestfjarða er birt kort sem sýnir staðsetningu sýnatökustaða.

Í umsögn Strandabyggðar og Veiðfélags Selár kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir athugunum á lífríki vatnasvæðisins eftir að framkvæmdum líkur. Til að meta þær breytingar sem verða við og eftir framkvæmdir er eðlilegt að framkvæmdaraðili fylgist með lífríki vatnasvæðisins í nokkur ár eftir að framkvæmdum líkur og bregðist við ef seiðabúskapur laxa- eða bleikjustofna árinna bíður hnekki af framkvæmdinni.

Skipulagsstofnun tekur undir ofangreindar umsagnir og gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðar vatnalífsrannsóknir eða aðferðafræði þeirra en telur að í umhverfismatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vöktunaráætlun sem tekur til vatnalífs eftir því sem við á.

### **Vatnafar**

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að Selá renni um Selárdal til sjávar í Steingrímsfirði. Áin dregur til sín vatn frá nærliggjandi heiðum, en vatnsmesta dragáin sem fellur til Selár rennur um Þjóðbrókargil. Í öllum tilfellum mun draga úr rennsli um Þjóðbrókargil til Selár og áhrif framkvæmdarinnar gætu mögulega komið fram í ánni frá stöðvarhúsi og að ósi Selár í Steingrímsfirði. Einkenni heiðarinnar þar sem Kvíslatunguvirkjun verður reist eru fjöldi vatna og tjarna og lækir sem renna milli þeirra. Komið hefur verið fyrir sírita, sem mælir rennsli árinna neðst í Þjóðbrókargili, sem standa munu yfir í a.m.k. þrjú ár. Þegar umhverfismatsskýrsla verður unnin munu liggja fyrir samfelld mæligögn fyrir um eitt ár. Einnig verða gerðar stakar mælingar víða á virkjunarsvæðinu, og öll þessi gögn verða nýtt til að styrkja rennislisáætlun fyrir virkjunina og áhrif hennar á vatnafar.

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar sé umfangsmeira en beint framkvæmdasvæði þar sem rennsli fjölmargra lækja og þveráa Selár muni skerðast eða þverra vegna vatnsflutninga Ófæruveitu. Telur stofnunin mikilvægt að afmarkað verði áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar og vatnsveitu og í því sambandi bendir stofnunin á að rennsli Selár verður einnig fyrir breytingum innan áhrifasvæðis, þ.á.m. neðan stöðvarhúss vegna miðlunar og það sama á við um Þjóðbrókargil þar sem vatnsrennsli mun skerðast umtalsvert auk þess sem rennsli úr botnrás (með aur) mun renna um gilið.

Ljóst er að um er að ræða mikið inngrip inn í vatnafar áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Kvíslatunguvirkjunar. Í umhverfismatsskýrslu er því mikilvæg ítarleg umfjöllun og mat á þeim



áhrifum á vatnafar sem kunna að verða vegna fyrirhugaðra framkvæmda. M.a. þarf í Umhverfismatsskýrslu að skilgreina lágmarksrennsli þeirra vatnsfalla sem verða fyrir skerðingu á náttúrulegu rennsli vegna virkjunarinnar og gera grein fyrir mótvægisáðgerðum í þurrkatíð.

Í umsögnum hefur verið bent á að í matsáætluninni sé ekki getið um möguleg áhrif framkvæmda á vatnshlotin Svartagilsvatn, Þjóðbrókargil og Selá. Mikilvægt er að lagt verði mat á það hver áhrifin verða á vatnsformfræði og líffræðilegt ástand í hverju vatnshloti eftir virkjun, þ.e. hvort þeim hnignar og hvort líklegt sé að vatnshlotin verði skilgreind sem mikið breytt og hvort þau nái viðmiðum um gott vistfræðilegt ástand. Verði niðurstöður slíks mats að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki þarf framkvæmdaraðili að sækja um heimild til Umhverfisstofnunar skv. lögum um stjórn vatnamála til breytinga á vatnshlotunum.

Í svörum Orkubús Vestfjarða kemur fram að gerð verði rannsókn á straum-og stöðuvötnum á framkvæmdarsvæðinu. Athuganir á lífríki ferskvatns fela í sér sýnatöku á lífríki og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum í þeim vatnshlotum sem Umhverfisstofnun tilgreinir, ásamt Efríkotvötnum og öðru ónefndu vatni. Allir líffræðilegir gæðapættir sem skilgreindir hafa verið af stjórnvöldum, verða mældir. Ástand yfirborðsvatns verður flokkað eftir vistfræðilegu ástandi þeirra, sbr. lög og reglugerð um stjórn vatnamála. Niðurstöður matsins munu leiða í ljós breytingar á vatnasviðinu vegna virkjunarinnar.

Í ljósi framangreindra umsagna um mikilvægi mats á skilgreind vatnhlot sem kunna að verða fyrir neikvæðum áhrifum leggur Skipulagsstofnun áherslu á að í umhverfismatsskýrslu verði birt niðurstaða mats á umhverfismarkmið vatnshlotanna.

### **Verndarsvæði**

Í matsáætlun er bent á að engin friðlýst eða vernduð svæði séu á eða við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands af náttúruvæðingum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd eru vötn 1000 m<sup>2</sup> eða stærri, lítt röskuð votlendi stærri en 20.000 m<sup>2</sup> og birkiskógur innan framkvæmdasvæðis. Forðast ber að raska þessum fyrirbærum nema brýna nauðsyn beri til og almannahagsmunir krefjist þess. Í matsáætluninni eru talin upp nokkur atriði sem framkvæmdaraðili telur falla undir almannahagsmuni.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað verði um vötn/tjarnir sem njóta verndar í umhverfismatinu og fram komi hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að í umhverfismatsskýrslu verði umfjöllun um svæði sem njóta sérstakrar verndar, upplýsingar um umfang rasks þeirra svæða og aðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð áhrif.

### **Fuglar og gróður**

Í matsáætlun er stuttlega fjallað um fyrirhugaðar fuglarannsóknir. Fram kemur að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um hvaða fuglategundir sé að finna á áhrifasvæði virkjunarinnar, líklega varpfuglar og hver sé verndarstaða tegunda. Til að meta áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf verður m.a. horft til búsvæðaröskunar vegna framkvæmdanna og viðkvæmni búsvæða, stofnstærða fugla á landsvísu, fjarlægðar framkvæmda frá varpsvæðum og tímasetningu framkvæmda.

Í matsáætlun er ekki fjallað um tímasetningu fuglarannsókna en til þess að fá sem besta mynd af þeim fuglum sem nýta svæðið þarf að gera ráð fyrir að þær fari fram bæði á varptíma að vori og um mitt sumar til að ná til fugla sem geta verið í síðbúnu varpi og verpa gjarnan herra.



Í matsáætlun er stuttlega fjallað um fyrirhugaðar gróðurannsóknir. Fram kemur að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um hvaða vistgerðir og plöntutegundir er að finna á áhrifasvæði virkjunarinnar og hver sé verndarstaða þeirra. Mælikvarðar sem horft er til eru gróðurþekja, hæð yfir sjávarmáli, rakastig og verndargildi vistgerða og plöntutegunda.

Í umhverfismatsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um heildarrask á gróðri og vistgerðum, upplýsingar um stærð og gerð votlendissvæða sem kunna að verða fyrir raski sem og birkiskóga og áætlað rask auk umfjöllunar um aðgerðir sem eiga að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir raskið eftir því sem við á.

### **Samfélag, útivist og ferðamennska**

Í matsáætlun eru settar fram matsspurningar varðandi samfélag, útivist og ferðamennsku m.a. hvert sé mikilvægi svæðisins fyrir útivist og ferðamennsku og hversu líklegt sé að framkvæmdin hafi áhrif á komur ferðamanna á svæðið og hversu lengi megi gera ráð fyrir að áhrifin vari. Ekki er áformuð sérstök gagnaöflun vegna mats á samfélagslegum áhrifum framkvæmdarinnar, þ.m.t. áhrifum á útivist og ferðamennsku.

Skipulagsstofnun bendir á að fyrirhuguð virkjun kemur óhjákvæmilega til með að breyta ásýnd svæðis sem ber lítil merki mannglegra athafna og sýnileikinn kann að hafa áhrif á upplifun heimamanna og annarra sem stunda útivist og ferðamennsku á svæðinu. Stofnunin telur að ástæða sé til að kanna og/eða kortleggja nýtingu svæðisins og gildi þess. Meðal annars ætti að leita eftir áliti þeirra sem nýta svæðið t.d. þeirra sem stunda veiði á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Skipulagsstofnun telur óljóst hvernig leggja eigi að öðru leyti á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á íbúa, útivistarfólk og ferðamenn án þess að leita eftir viðhorfum og afstöðu þeirra. Stofnunin telur að tilefni sé til að framkvæmdaraðili standi að einhvers konar viðhorfskönnun meðal ofangreindra aðila en niðurstöður slíkrar könnunnar væri hægt að byggja á við mat á áhrifum á fyrrnefnda þætti.

Reykjavík, 24. ágúst 2023.

Egill Þórarinnsson

